

KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Forsætisráðuneytinu við Lækjartorg
knj@knj.is

Reykjavík 16. nóvember 2023
Tilv.: KNJ23090004/

Efni: Mál kærunefndar jafnréttismála nr. 16/2023 – Óskað eftir afstöðu

Kærunefnd jafnréttismála hefur borist erindi Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur þar sem óskað er eftir því að nefndin kanni og taki afstöðu til þess hvort Kópavogsbær hafi brotið gegn ákvæði 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, við skipan í umhverfis- og samgöngunefnd.

Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála er óskað eftir afstöðu til kæruefnis, þ.m.t. til kærufrests, sbr. 3. mgr. 9. gr. sömu laga. Þess er óskað að afstaða kærða berist kærunefnd jafnréttismála eigi síðar en föstudaginn 8. desember næstkomandi.

Athygli er vakin á því að afhenda ber nefndinni gögn og upplýsingar án yfirstrikunar eða án þess að trúnaðarupplýsingar hafi verið felldar brott. Ef nefndinni eru látin í té gögn eða upplýsingar sem eiga að mati málsaðila að fara leynt ber málsaðila að óska sérstaklega eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 408/2021 um kærunefnd jafnréttismála. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna sé að mati málsaðila trúnaðarmál og nefndinni látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar brott.

Í kærunefndinni sitja Kristín Benediktsdóttir, Andri Árnason og Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

F.h. kærunefndar jafnréttismála

Júlgjafur B. Jónsson Agúrd.